

AUGLÝSING

78

20. maí

um bann við veiði göngusilungs við ósa Svarfaðardalsár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er öll veiði göngusilungs bönnuð í sjó fyrir strandlengjunni út frá ósum Svarfaðardalsár frá Hólsnaustum, utan Dalvíkur, að Hálshorni.

Bann þetta gengur í gildi 1. júní 1944.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

79

23. maí

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

Við 132. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, sem verður c-liður, svo hljóðandi:

c. Rafmagnseftirlitið getur krafizt þess, að raforkuvirki, hlutar þeirra eða efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá því. Viðurkenningarmerkið skal vera upphafsstafurinn Í innan í hring. Rafmagnseftirlitið setur nánari reglur um notkun merkisins og má enginn nota merkið, nema með leyfi þess og samkvæmt þeim reglum, sem það setur. Hvergi má nota annað merki svo svipað þessu, að óttast þurfi, að villst verði á merkjunum við lauslega athugun.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki og lögum nr. 38 12. júní 1939, um viðauka við og breytingar á þeim lögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Skagfirðingasjóð“, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 23. maí 1944.**

80

23. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skagfirðingasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skagfirðingasjóður og er stofnaður með arfleiðsluskrá hjónanna Pálma Péturssonar, fyrrverandi bónda á Sjávarborg og síðar kaupmanns á Sauðárkróki og frú Helgu Guðjónsdóttur konu hans. Er arfleiðsluskráin dagsett 30.